

## ***Þingsályktun um hvernig minnst skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands; örlar á Náttúruminjasafni?***

145. löggjafarþing samþykkti þingsályktun um hvernig minnst skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands á síðasta þingi, ályktun nr. 70/145. Þar er kveðið á um hvernig skuli fagnað því að Ísland varð sjálfstætt ríki með samþykkt sambandslaganna 1918.

Þar er einnig athyglisvert ákvæði um að Alþingi feli ríkisstjórninni að sjá til þess að *...í fjármálaáætlun til næstu fimm ára, sem verður lögð fram á þessu vori, verði gert ráð fyrir uppbyggingu Náttúruminjasafns.*

Stjórn HÍN fagnar þessu ákvæði sérstaklega!

## ***Hinar sígildu Kúnstir náttúrunnar enn fáanlegar!***

Ráðist var í útgáfu á Kúntum náttúrunnar í tilefni af hundrað ára afmæli Sigurðar Þórarinssonar jarðfræðings árið 2012. Að útgáfunni standa Hið íslenska náttúrufræðifélag, Jöklarannsóknafélag Íslands og Ferðafélag Íslands auk nokkurra vina Sigurðar. Félagsmönnum er boðið að eignast þennan góða grip á sanngjörnu verði, 4000 kr. Hægt er að hafa samband við afgreiðslu félagsins hjá Náttúruminjasafni Íslands eða með því að senda beiðni á netfangið hin@hin.is.

Um er að ræða tvo diska, CD og DVD, og myndskreyttan textabækling (47 síður). Á CD-diski eru bæði gamlar og nýjar upptökur af 32 góðkunnum lögum með textum Sigurðar Þórarinssonar. Á DVD-diski eru þrjú atriði tengd Sigurði, þ.e. heimildamynd og tveir sjónvarpsþættir.

Hið íslenska náttúrufræðifélag  
Afgreiðsla: Náttúruminjasafn Íslands, Brynjólfsgötu 5 (gamla Loftskýtastöðin), IS-107 Reykjavík. Sími: 570 0433, Netfang: hin@hin.is, Heimasíða: www.hin.is

Ábm. og ritstj. félagsbréfs: Jóhann Þórsson



## **Félagsbréf**

1. tölublað

Febrúar 2017

42. árgangur

## ***Aðalfundur HÍN!***

Boðað er til aðalfundar Hins íslenska náttúrufræðifélags mánudaginn 27. febrúar 2017 í stofu 132 í Öskju, húsi náttúruvísinda við Háskóla Íslands. Fyrir dagskrá aðalfundar flytur Guðrún Larsen vísindamaður emerita við Jarðvísindastofnun Háskólans erindi sem hún kallar „Af framferði jökulhlaupa í Kötlugosum“. Erindið hefst kl. 17:15 og eru allir velkomnir eins og á önnur fræðsluerindi félagsins. Aðalfundarstörf hefjast að loknu erindi Guðrúnar, kl. 18:15.

Dagskrá aðalfundarins er eins og henni er lýst í lögum félagsins:

- Skýrsla formanns um störf stjórnar á liðnu starfsári.
- Skýrsla gjaldkera, endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til atkvæðagreiðslu.
- Kosning stjórnarmanna og skoðunarmanna reikninga.
- Önnur mál.

Stjórn HÍN skipa nú eftirtaldir: Árni Hjartarson formaður, Hafdís Hanna Ægisdóttir varaformaður, Ester Ýr Jónsdóttir ritari, Ester Rut Unnsteinsdóttir gjaldkeri, Bryndís Marteinsdóttir fræðslustjóri, Jóhann Þórsson félagsvörður og Hilmar J. Malmquist meðstjórnandi.

Almennir stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn sem og formaður. Kjörtímabil þriggja stjórnarmanna er nú á enda, þeirra Esterar Ýrar Jónsdóttur, Bryndísar Marteinsdóttur og Hilmars J. Malmquists. Ester Ýr gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn HÍN, en aðrir gefa kost á sér til næstu tveggja ára.

## *Af framferði jökulhlaupa í Kötlugosum*

Fyrir hefðbundin aðalfundarstörf mun Guðrún Larsen flytja erindi sem hún kallar „*Af framferði jökulhlaupa í Kötlugosum*“. Helsta rannsóknasvið Guðrúnar eru eldgos og gossaga á nútíma, einkum sprengigos og gjóskulög. Hún var einn af ritstjórum vefrits um eldstöðvakerfi Íslands, Catalogue of Icelandic Volcanoes, og hvetur HÍN alla til að kynna sér það á vefslóðinni <http://icelandicvolcanoes.is/>

Í kynningu segir:

Flest eldgos á eldstöðvakerfinu sem kennt er við Kötlu verða í ísfalltri öskju Mýrdalsjökuls. Þetta á við um öll Kötlugos á sögulegum tíma og Eldgjárgosið á 10. öld náði þangað líka. Jökulhlaupin sem þessum gosum fylgdu voru misstór og fóru misjafnlega víða. Eftir Eldgjárgosið hafa meginhlaupin fallið til austurs um Kötlujökul út á Mýrdalssand þótt einhver leki hafi farið um Sólheimajökul niður á Skóga- og Sólheimasand, a.m.k einu sinni. Í Eldgjárgosinu kom hlaupvatnið víðar fram, enda voru um 15 km (af 75 km) af gossprungunni undir jökli. Fyrir Eldgjárgos fóru jökulhlaupin einnig til vesturs um Entujökul og í Markarfljót. Stærstu hlaupin þar voru af sömu stærðargráðu og Kötluhlaupið 1918, en þá var hámarksrennslið metið um 300 þúsund rúmmetrar á sekúndu.

Kötluhlaup eru blanda af bræðsluvatni, ísstykkjum, krapu og föstu efni s.s. ösku, vikri, bergbrotum og jökulaur. Rennslihættir fara eftir hve mikið framburðarefnið er og hlaupin geta rofið gljúfur, hækkað landið sem þau fara yfir svo skiptir mörgum metrum, breytt strandlengju tímabundið eða varanlega, valdið bylgjugangi í tuga kílómetra fjarlægð og breytt nýtingarmöguleikum stórra svæða, tímabundið eða varanlega. Kötluhlaup eru hættuleg mönnum og farartækjum þeirra og öllu lifandi sem fyrir verður.

Í fyrirlestrinum verða dæmi tekin um jökulhlaup og breytingar af þeirra völdum, bæði frá forsögulegum og sögulegum tíma. Í heimildum eru frásagnir af Kötluhlaupum oft ýtarlegri en frásagnir af Kötlugosunum sem þeim ollu - og það segir nokkuð um tilþrif þessara fyrirbæra. Kötluhlaupin hafa, ásamt Eldgjárgosinu, valdið víðtækustu umhverfisbreytingum sem orðið hafa á landinu á sögulegum tíma.

## *Ný vefsíða í bígerð!*

Stjórn félagsins hefur að undanfögnu unnið að uppfærslu á vefsíðu félagsins, <http://hin.is/>. Útlitsbreytingum er stillt í viðeigandi meðalhóf eins og hæfir gömlu félagi en allar upplýsingar munu verða uppfærðar. Jafnframt verður auðveldara fyrir fólk að hafa samband við stjórn og starfsmenn félagsins og einnig, og ekki hvað síst, mun nú verða hægt að kaupa ýmislegt það sem félagið hefur á boðstólum eins og t.d. bækur sem gefnar hafa verið út á undanförunum árum.

## *Netföng félagsins*

Í haust voru tekin upp ný netföng fyrir stjórnarmenn og starfsmenn félagsins. Formaður, gjaldkeri, ritari og félagsvörður (sem sér um félagaskrá) hafa nú föst netföng, til viðbótar við þau sem ritstjóri og félagið sjálft hefur haft:

formaður: [formadur@hin.is](mailto:formadur@hin.is)

gjaldkeri: [gjaldkeri@hin.is](mailto:gjaldkeri@hin.is)

ritari: [ritari@hin.is](mailto:ritari@hin.is)

félagsvörður: [felagsvordur@hin.is](mailto:felagsvordur@hin.is)

Netfang ritstjóra er [ritstjori@hin.is](mailto:ritstjori@hin.is) og netfang félagsins er [hin@hin.is](mailto:hin@hin.is). Það er von stjórnar að þetta geri félagsmönnum auðveldara að hafa beint samband við stjórnarmenn.